

Alþingi  
nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík 3. nóvember, 2010

Varðar: Umsögn vegna þingskjals nr. 11- 11 mál. Tillaga til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn tranfitusýru í matvælum.

Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga vinnur að velferðar og forvarnarmálum ásamt fræðslu um hjartasjúkdóma og voru stofnuð þann 8. október 1983. Samtökin hafa í starfi sínu lagt mikla áherslu á kynningu á hjartasjúkdómnum, forvarnir, lækningu og endurhæfingu. Hjartaheill hefur gefið út mikið kynningarefni vegna alls þessa til áratuga. Í því sambandi má m.a.t.d. benda á bæklinginn „Hjartasjúkdómar, varnir – lækning – endurhæfing“. Í honum er í stuttu máli fjallað um áhættuþætti æðakölkunar, helstu hjartasjúkdóma, einkenni þeirra, algengar rannsóknir og meðferð. Þá er lögð áhersla á þá möguleika sem felast í hjartaendurhæfingu. Hjartaheill hafa oft á ferli sínum lagt lið málefnum sem horft hafa til framfara til að draga úr líkum á hjartasjúkdómum og lækka tíðni þeirra.

Rannsóknir sýna að neysla á transfitusýrum eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum mun meira en inntaka á annarri harðri fitu. Það er ekki nóg með að neysla á transfitusýrum hækki hlutfall óæskilegrar blóðfitu (LDL-kólesteról) heldur lækkar hún líka magn jákvæðrar blóðfitu (HDL-kólesteról). Því fagnar Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um setningu reglna um hámarks magn transfitusýru í matvælum.

Virðingarfyllst



Sveinn Guðmundsson, hrl.  
varaformaður Hjartaheilla.